



Losun hafta Hvaða skref er verið að stíga?

Skatta- og lögfræðisvið

Nóvember 2016

Nýsamþykktar breytingar

Þann 11. október 2016 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um gjaldeyrisból með öllum greiddum atkvæðum.

Með lögnum eru gerðar ýmsar breytingar sem miða að því að losa fjármagnshöft á heimili og fyrirtæki í varfærunum áföngum.

Samþykki frumvarpsins og lögfesting eykur frelsi einstaklinga og fyrirtækja til fjármagnshreyfinga til og frá landinu og til gjaldeyrisviðskipta.

Tilgangur yfirlits þessa er að kynna þær breytingar sem nýju lögini hafa á heimildir og skyldur einstaklinga og fyrirtæki.

Fyrst verður fjallað almennt um höftin og ferlið við losun þeirra til að varpa skýrara ljósi á þau áhrif sem nýju lögini munu hafa.



Almennt um fjármagnshöft

Fjármagnshöft hafa verið við lýði frá 28. nóvember 2008 með það markmið að takmarka „tímabundið“ tiltekna flokka fjármagnshreyfinga á milli landa og gjaldeyrisviðskipti sem valdið gætu óstöðugleika í gengis- og peningamálum á meðan unnið væri að endurreisn íslensks efnahagslífs og fjármálakerfisins.


Fjármagnshöftunum var upphaflega ætlaður skammur líftími vegna langvarandi neikvæðra áhrifa þeirra auk þess sem þau ganga gegn alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, m.a. EES samningsins um frjálst flæði fjármagns.

Það hefur tekið lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir að skapa skilyrði til losunar fjármagnshafta. Áætlanir um losun fjármagnshafta hafa ekki verið tímasettar heldur framgangur þeirra verið háður ákveðnum skilyrðum. Áætlanir hafa gert ráð fyrir að höftin verði afnumin í áföngum, með efnahagslegan og fjármálalegan stöðugleika að leiðarljósi.



Nýju lögín eru veigamikill áfangi í endanlegri losun fjármagnshafta, sem nánar verður fjallað um á næstu glærum.

Tímabundin höft í 8 ár



*Myndin er byggð á upplýsingum úr kynningu stjórnvalda á heildstæðri aðgerðaráætlun til losunar fjármagnshafta frá 8. júní 2015 og upplýsingum úr frumvarpi til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrisráð nr. 87/1992, með síðari breytingum (losun gjaldeyrishafta) Þingskj. 1156 Mál. 826.

Þrepaskipt áætlun stjórnvalda við losun hafta

Í áætlun stjórnvalda um losun fjármagnshafta frá júní 2015 var lagt til að losað yrði um fjármagnshöftin í þremur áföngum.

Nýsamþykkt lög eru fyrsta skrefið í þriðja og síðasta áfanga stjórnvalda í átt að fullri losun fjármagnshafta.

1. Slitabúin

Fyrsti áfanginn laut að slitabúum bankanna

Aðgerð:
Stöðugleikaskilyrði- og stöðugleikaskattur.

2. Aflandskrónur

Annar áfanginn laut að aflandskrónueignum

Aðgerð:
Gjaldeyrisútboð
Seðlabanka Íslands og lög um meðferð aflandskrónueigna.

3. Raunhagkerfið

Þriðji áfanginn lýtur að heimilum og fyrirtækjum.

Aðgerð:
Fjármagnshöftin felld niður í skrefum.

Ný samþykkt frumvarp er fyrsta skrefið í þriðja áfanga í losun fjármagnshafta.

Lög um losun fjármagnshafta

Með nýjum lögum um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum (losun fjármagnshafta) sem samþykkt voru á Alþingi þann 11. október 2016 er dregið verulega úr þeim takmörkunum sem fjármagnshöftin hafa á einstaklinga og fyrirtæki hér á landi.

Lögunum er skipt upp í tvö skref, þ.e. strax við gildistöku þeirra er fyrra skrefið tekið og opnað á tiltekna flokka fjármagnsflutninga og gjaldeyrisviðskipta sem hingað til hafa verið bannaðir. Annað skrefið verður svo stigið í janúar 2017 þegar heimildirnar í lögunum eru rýmkaðar enn frekar.

Áætla stjórnvöld að þær breytingar sem lögin fela í sér muni leiða til þess að beiðnum um undanþágu frá lögum fjármagnshöftunum fækki um 50-60%. Þetta er því ekki full losun fjármagnshafta heldur aðeins skref í þá átt.

Yfirlit yfir helstu breytingar

Helstu breytingar sem taka gildi nú þegar:

- Bein erlend fjárfesting innlendra aðila er nú ótakmörkuð en háð staðfestingu Seðlabanka Íslands.
- Fjárfesting í fjármálagerningum útgefnum í erlendum gjaldeyri, öðrum peningakröfum í erlendum gjaldeyri og fyrirfram- og uppgreiðsla erlendra lána verði frjáls upp að ákveðnu fjárhæðarmarki (30.000.000 ISK) að uppfylltum tilteknum skilyrðum.
- Einstaklingum veitt heimild til kaupa á einni fasteign erlendis á almanaksári, óháð tilefni og kaupverði.
- Dregið úr skilaskyldu innlendra aðila á erlendum gjaldeyri. Hún verði afnumin vegna lántöku einstaklinga hjá erlendum aðilum til kaupa á fasteign, farartæki eða til fjárfestinga erlendis.
- Ýmsar sértækar takmarkanir afnumdar eða rýmkaðar, m.a. heimildir einstaklinga til kaupa á ferðagjaldeyri.
- Heimildir Seðlabanka Íslands til upplýsingaöflunar verða auknar svo hann geti betur stuðlað að verðlags- og fjármálastöðugleika.

Á næstu glærum er breytingunum gerð nánari skil.

Yfirlit yfir helstu breytingar

Yfirlit yfir helstu breytingar sem taka gildi 1. janúar 2017:

- Fjárhæðarmörk hækkuð til fjárfestinga í fjármálagerningum útgefnum í erlendum gjaldeyri, öðrum peningakröfum í erlendum gjaldeyri og fyrirfram- og uppgreiðslu erlendra lána (100.000.000 ISK).
- Innstæðuflutningur heimilaður innan ofangreindra fjárhæðarmarka. Skilyrði um innlenda vörsluaðila erlendra verðbréfafjárfestinga felld niður. Þar með munu innlendir og erlendir aðilar geta flutt innstæður og verðbréf til og frá landinu og átt viðskipti með verðbréf erlendis innan þeirra marka sem frumvarpið setur þeim.
- Heimildir einstaklinga til kaupa á gjaldeyri í reiðufé rýmkaðar verulega.

Á næstu glærum verður farið yfir áhrif nýsamþykkrtra laga og breytingunum gerð nánari skil. Fyrir liggur mikil uppsöfnuð þörf hjá almenningi og fyrirtækjum í landinu til erlendra fjármagnshreyfinga og fjárfestinga eftir margra ára fjármagnshöft.



Helstu áhrif breytinganna

Vöru- og þjónustuviðskipti

Breyting

Heimildir til vöru- og þjónustuviðskipta eru rýmkaðar þannig að heimildin nær nú til allra greiðslna í tengslum við slík viðskipti, svo sem til endurgreiðslna vegna ofgreiðslna, afsláttar, afpantana og þess háttar greiðsla sem eru hluti af vöru og þjónustuviðskiptum.

Jafnframt eru afnumdar allar takmarkanir á innflutningi faratækja og kaupum á faratækjum erlendis.

Áhrif

Fleiri tilvik en aðeins kaup á vöru og þjónustu falla undir heimildina, s.s. endurgreiðslur vegna ofgreiðslu, afsláttar, afpantana o.þ.h. sem hingað til hafa verið háðar undanþágu Seðlabanka Íslands.

Sama á við um kaup á farartækjum, vinnuvélum og hrávöru sem eru eðlilegur þáttur í atvinnustarfsemi aðila sem hingað til hafa verið óheimilar. Kaup á hrávöru í fjárfestingarskyni, s.s. fjárfestingar í gulli og öðrum eðalmálum eða olíu, falla ekki undir heimilda.

Skilyrði

Sýnt fram á að fjármagnshreyfing og gjaldeyrisviðskipti séu vegna vöru- og þjónustuviðskipta.

Þurfa að vera eðlilegur hluti af vöru- og þjónustuviðskiptum eða eðlilegur þáttur í atvinnustarfsemi aðila.

Ekki hrávörukaup í fjárfestingarskyni.

Skilyrði að greiðslan sé til erlends aðila.

Réttarheimildir

1. tölul. 2. mgr. 13. gr. b. gml.

13. gr. c. gml.

Launagreiðslur, námslán, lífeyrir, bætur, o.fl.

Breyting

Reglur um flutning launagreiðslna, námslána, lífeyris, bóta og þess háttar greiðslna, sem aðili sem búsettur er erlendis hefur aflað sér hérlendis, eru rýmkaðar og einfaldaðar.

Áhrif

Launagreiðslur sem erlendur aðili eða innlendur aðili búsettur erlendis hefur aflað hér á landi sl. 6 mánuði eru undanþegin höftunum.

Sama á við um launatengd gjöld, námslán, atvinnuleysisbætur, lífeyrisgreiðslur, þ.m.t. elli- og örorkulífeyrir og greiðslur vegna félagslegrar aðstoðar og aðrar sambærilegar greiðslur.

Skilyrði

Greiðslunnar/teknanna hefur verið aflað hérlendis á sl. 6 mánuðum. Jafnframt að um laun sé að ræða í skilningi ákvæðisins en undir það falla:

Laun vegna starfs eða náms, launatengd gjöld, námslán, atvinnuleysisbætur, lífeyrisgreiðslur (elli- og örorkulífeyrir), greiðslur vegna félagslegrar aðstoðar og aðrar sambærilegar greiðslur.

Réttarheimildir

2. tölul. 2. mgr. 13. gr. b. gml.

13. gr. c. gml.

Gjafir og styrkir til erlendra aðila

Breyting

Fjárhæðarmark heimildar til gjafa og styrkja til erlendra aðila er hækkað úr 3.000.000 kr. í 6.000.000 kr. á almanaksári og heimildin ekki lengur takmörkuð við innlenda aðila.

Áhrif

Áður var innlendum aðilum heimilt að gefa og styrkja erlenda aðila, s.s. einstaklinga, góðgerðarsamtök eða hliðstæða aðila, um erlendan gjaldeyri fyrir allt að jafnvirði kr. 3.000.000 á almanaksári.

Ekki um tæmandi talningu á styrkþegum að ræða. Við mat á því hvað geti talist hliðstæðir aðilar er rétt að fjármála-fyrirtæki, í tilefni af slíkri fjármagnshreyfingu, óski eftir upplýsingum um tilefni gjafar/styrks og tengsl gefanda og þiggjanda.

Skilyrði

Gefandi og styrkveitandi skulu sjálfir vera eigendur þeirra fjármuna sem um ræðir en fjármunirnir skulu ekki koma frá þriðja aðila og skal fjárhæðin lögð inn á reikning í eigu móttakanda.

Þá skal gefandi eða styrkveitandi vera raunverulegur eigandi þeirra fjármuna sem um ræðir.

Skilyrði að greiðslan sé til erlends aðila.

Réttarheimildir

3. tölul. 2. mgr. 13. gr. b. gml.

13. gr. c. gml.

Flutningur leigutekna úr landi

Breyting

Erlendum aðilum heimilað að flytja út leigugreiðslur sem þeir afla hérlandis. Heimildin nær til flutnings á öllum leigutekjum af fasteignum óháð staðsetningu þeirra fari greiðsla fram hérlandis. Heimildin nær m.a. til veiðiréttinda og vatnsréttinda.

Breytingin er óveruleg frá áður gildandi lögum þar sem slíkar greiðslur höfðu hingað til verið taldar til þjónustuviðskipta.

Áhrif

Leigutekjur sem erlendum aðili aflar hér á landi af fasteignum eru undanþegnar fjármagnshöftunum.

Leigutakar geta innt greiðslur sínar af hendi til leigusala í erlendum gjaldeyri á reikning í hans eigu erlendis.

Skilyrði

Sýnt sé fram á að um leigutekjur sé að ræða og þeirra aflað hérlandis.

Skilyrði að greiðslan sé til erlends aðila.

Réttarheimildir

5. tölul. 2. mgr. 13. gr. b. gml.

13. gr. c. gml.

Fyrirframgreiðslur og uppgreiðslur lána

Breyting

Fyrirframgreiðslur og uppgreiðslur lána eru heimilaðar að samanlögðu jafnvirði allt að 30.000.000 kr. fyrir hvern aðila frá 11. október 2016.

Frá og með næstu áramótum (1. janúar 2017) verður heimildin rýmkuð frekar eða að jafnvirði allt að 100.000.000 kr.

Áhrif

Áður var óheimilt að fyrirframgreiða lántökur innlendra aðila hjá erlendum aðilum. Áður þurfti að sækja um undanþágu til SÍ.

Nú geta innlendir aðilar fyrirfram og eða uppgreitt lán sín hjá erlendum aðilum að fjárhæðarmörkum án undanþágu og þ.m. lækkað vaxtabyrði o.s.frv.

Skilyrði

Greiðandi sé raunverulegur eigandi fjármunanna. Ef einstaklingur þá þarf hann að hafa náð 18 ára aldri.

Eignastaða lögaðila hafi 1. ágúst 2016 numið a.m.k. fjárhæð fyrirhugaðrar fyrirframgreiðslu eða uppgreiðslu. Með eignastöðu er átt við heildareignir, án frádráttar skulda.

Fjármálafyrirtæki sem framkvæmir fjármagnshreyfingu tilkynni hana til Seðlabanka Íslands, áður en greiðslurnar eru framkvæmdar.

Skilyrði að greiðslan sé til erlends aðila.

Réttarheimildir

6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b. gml.

13. gr. c. gml.

Bráðabirgðaákvæði: Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b skulu fjármagnshreyfingar hvers aðila samkvæmt ákvæðinu aðeins heimilar að samanlögðu jafnvirði 30.000.000 kr. fram til 1. janúar 2017.

Fjárfestingar í fjármálagerningum

Breyting

Fjárfestingar í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum, öðrum framseljanlegum fjármálagerningum, peningakröfum í erlendum gjaldeyri og öðrum sambærilegum kröfuréttindum, eru heimilaðar að ákveðnu fjárhæðarmarki á tilteknu tímabili.

Fjárhæðir fjárfestinga takmarkast við allt að 30.000.000 kr. fram til 1. janúar 2017. Frá og með næstu áramótum verður heimildin rýmkuð í allt að 100.000.000 kr.

Áhrif

Fjárfesting einstaklinga og fyrirtækja hefur verið einskorðuð við innlenda fjármálamarkaði frá því að fjármagnshöftin voru sett á. Því ljóst að mikil uppsöfnuð þörf er hjá þessum aðilum til að fjárfesta erlendis, t.a.m. til að dreifa áhættu, auka hagkvæmni o.s.frv.

Einstaklingum og fyrirtækjum gert frjálst að kaupa verðbréf beint eða fyrir milligöngu innlendra eða erlendra aðila og millifæra fjármuni milli innlánsreikninga á milli landa.

Skilyrði

Greiðandi sé raunverulegur eigandi fjármunanna. Ef einstaklingur þá þarf hann að hafa náð 18 ára aldri.

Eignastaða lögaðila hafi 1. ágúst 2016 numið a.m.k. fjárhæð fyrirhugaðrar fjárfestingar. Með eignastöðu er átt við heildareignir, án frádráttar skulda.

Fjármálafyrirtæki sem framkvæmir fjármagnshreyfingu tilkynni hana til Seðlabanka Íslands, innan fimm virkra daga þar sem tilefni hennar er tilgreint sérstaklega.

Réttarheimildir

6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b. gml.

13. gr. c. gml.

Bráðabirgðaákvæði: Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b skulu fjármagnshreyfingar hvers aðila samkvæmt ákvæðinu aðeins heimilar að samanlögðu jafnvirði 30.000.000 kr. fram til 1. janúar 2017.

Innlagnir og úttektir af reikningum

Breyting

Innlegg og úttektir af reikningum í innlánsstofnunum, þ.m.t. flutningur á innistæðum frá innlendum fjármálafyrirtækjum til erlends verða heimilaðar.

Heimildin er bundin við 30.000.000 kr. fram til 1. janúar 2017.

Frá og með næstu áramótum verður heimildin rýmkuð í allt að 100.000.000 kr.

Áhrif

Innlendir aðilar, einstaklingar og fyrirtæki, geta millifært á milli landa fjárhæð sem nemur 30.000.000 kr. sem áður var óheimil fjármagnshreyfing á milli landa.

Fjárhæðarmörkin hækka svo 1. janúar 2017 upp í 100.000.000 kr.

Skilyrði

Greiðandi sé raunverulegur eigandi fjármunanna. Ef einstaklingur þá þarf hann að hafa náð 18 ára aldri.

Eignastaða lögaðila hafi 1. ágúst 2016 numið a.m.k. fjárhæð fyrirhugaðrar fjármagnshreyfingar. Með eignastöðu er átt við heildareignir, án frádráttar skulda.

Fjármálafyrirtæki sem framkvæmir fjármagnshreyfingu tilkynni hana til SÍ, innan fimm virkra daga þar sem tilefni hennar er tilgreint sérstaklega.

Réttarheimildir

6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b. gml.

13. gr. c. gml.

Bráðabirgðaákvæði: Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 6. tölul. 2. mgr. 13. gr. b skulu fjármagnshreyfingar hvers aðila samkvæmt ákvæðinu aðeins heimilar að samanlögðu jafnvirði 30.000.000 kr. fram til 1. janúar 2017.

Beinar fjárfestingar

Breyting

Bein erlend fjárfesting innlendra aðila (e. *foreign direct investment*) er heimiluð að tilteknum skilyrðum uppfylltum og háð staðfestingu Seðlabankans.

Bein fjárfesting er skilgreind í 1. gr. laganna, en samkvæmt henni er bein fjárfesting fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnufyrirtækis eða kaup á eignarhlut til að eignast virk áhrif á stjórn þess. Ennfremur geta langtímalán frá eigendum fyrirtækis til þess talist bein fjárfesting.

Áhrif

Innlendir aðilar, einstaklingar og fyrirtæki, geta fjárfest með beinum hætti í erlendum félögum ef um er að ræða kaup á 10% eignarhlut hlutafjár hið minnsta.

Innlend fyrirtæki og einstaklingar geta stofnað dótturfélög erlendis án þess að þurfa undanþágu frá Seðlabanka Íslands.

Skilyrði

Í skilgreiningu á beinni fjárfestingu felst annars vegar skilyrði um að andlag fjárfestingarinnar sé atvinnufyrirtæki, og hins vegar skilyrði um virk áhrif á stjórn.

Fjármagnshreyfingar háðar því skilyrði að fjárfestir sé raunverulegur eigandi fjármunanna, að um sé að ræða kaup á a.m.k. 10% eignarhlut hlutafjár og að Seðlabankinn hafi staðfest að um beina fjárfestingu sé að ræða.

Gjaldeyriskaup háð því að skilyrði að greiðslan sé til erlends aðila

Réttarheimildir

7. tölul. 2. mgr. 13. gr. b. gml.

13. gr. c. gml.

Framfærsla erlendis

Breyting

Rýmkun á nógildandi heimild skv. 2. mgr. 13. gr. laganna til fjármagnshreyfingar í erlendum gjaldeyri á milli landa vegna framfærslu erlendra aðila og innlendra aðila sem eru búsettir erlendis.

Fjárhæðarmörk vegna framfærslu erlendis eru afnumin, en áfram sett skilyrði um að einstaklingar sýni fram á framfærslu erlendis. Framfærsluheimild innlendra einstaklinga sem búsettir eru erlendis er ekki lengur einskorðuð við að ástæða búsetu erlendis sé vegna starfs eða náms.

Áhrif

Framfærsluheimildir voru áður bundnar við allt að jafnvirði 6.000.000 kr. fyrir einstakling á almanaksári, 12.000.000 kr. fyrir hjón/sambúðaraðila og 4.000.000 kr. fyrir hvert ólögráða barn sem lýtur forsjá og er með lögheimili hjá framangreindum.

Engin fjárhæðartakmarkanir lengur.

Skilyrði

Fjármagnshreyfing sé vegna framfærslu einstaklings erlendis.

Réttarheimildir

9. tölul. 2. mgr. 13. gr. b. gml.

13. gr. c. gml.

Skattar, málskostnaður, slysa- og skaðabætur

Breyting

Heimildir til fjármagnshreyfinga á milli landa eru rýmkaðar vegna greiðslu málskostnaðar samkvæmt dómsorði, andvirðis slysa- og skaðabóta eða arfs sem erlendum einstaklingi hefur hlotnast samkvæmt erfðafjárskýrslu staðfestri af sýslumanni.

Sama á við um arf sem erlendum aðila hefur hlotnast samkvæmt erfðafjárskýrslu staðfestri af sýslumanni.

Áhrif

Hingað til hafa aðeins fjármagnshreyfingar vegna greiðslu slysabóta og arfs sem erlendum aðila hefur tæmst við dánarbússkipti verið heimilar.

Ekki verður lengur gert skilyrði að arfur hafi tæmst við dánarbússkipti. Með því nær heimildin nú einnig til fyrirframgreidds arfs að því gefnu að erfingi leggi fram erfðafjárskýrslu staðfesta af sýslumanni.

Skilyrði

Greiðslu skatta og opinberra gjalda, málskostnaðar samkvæmt dómsorði, slysa- og skaðabóta til erlends aðila eða arfs sem erlendum aðila hefur hlotnast samkvæmt erfðafjárskýrslu staðfestri af sýslumanni.

Gjaldeyriskaup háð því að skilyrði að greiðslan sé til erlends aðila.

Réttarheimildir

10. tölul. 2. mgr. og 4. tölul. 3. mgr. 13. gr. b. gml.
13. gr. c. gml.

Fasteignakaup

Breyting

Innlendum og erlendum einstaklingum er veitt heimild til fjármagnshreyfinga á milli landa í erlendum gjaldeyri vegna kaupa á einni fasteign erlendis á almanaksári að undangenginni staðfestingu Seðlabanka Íslands.

Einstaklingum verður heimilt að greiða staðfestingargjald vegna fasteignaviðskipta sem nemur allt að 15% af kaupverði fasteignar án undangenginnar staðfestingar.

Kaup á búseturétti eða sambærilegum réttindum teljast til fasteignakaupa í skilningi ákvæðisins.

Áhrif

Verulega rýmkun frá áður gildandi lögum sem var bundin því skilyrði að kaupin væru gerð vegna búferlaflutninga einstaklinga frá landinu og fjárhæðarmarki að jafnvirði 100.000.000 kr.

Skilyrði

Fjármagnshreyfingar bundnar við kaup á einni fasteign erlendis á almanaksári.

Staðfestingu þarf frá Seðlabanka Íslands

Gjaldeyriskaup háð því að skilyrði að greiðslan sé til erlends aðila

Réttarheimildir

11. tölul. 2. mgr. og 4. tölul. 3. mgr. 13. gr. b. gml.

13. gr. c. gml.

Skilaskylda

Breyting

Auknar undanþágur frá skilaskyldu á erlendum gjaldeyri.
Ekki lengur gerð krafa um að búsetu erlendis vegna starfs eða náms fyrir undanþágu frá skilaskyldu.
Undanþegnir skilaskyldu verði fjármunir vegna lántöku hjá erlendum aðila sem nýttir eru til kaupa á fasteign, farartæki eða til fjárfestinga erlendis.

Áhrif

Innlendum aðilum eru veittar víðtækar undanþágur frá skilaskyldu erlendis gjaldeyris til að tryggja sem minnst óhagræði einstaklinga og fyrirtækja vegna erlendra fjárfestinga, til að mynda verða ekki skilaskyldir fjármunir sem innlendir aðilar eignast vegna lántöku einstaklings hjá erlendum aðilum til kaupa hans á fasteign eða farartæki erlendis eða fjármunir vegna lántöku aðila sem nýttir eru til annarra fjárfestinga.

Skilyrði

Einstaklingur hefur búsetu erlendis
Fjármunirnir séu vegna lántöku einstaklings hjá erlendum aðila til kaupa á fasteign, farartæki eða fjárfestinga.
Fjármunir séu endurfjárfestanlegir og ekki séu liðnir 6 mánuðir.

Réttarheimildir

2. mgr. 13. gr. I. gml.

Tilkynningarskylda til Seðlabanka Íslands

Breyting

Að tilkynna þurfi Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar milli landa.

Tilkynningarskylda samkvæmt ákvæðinu hvílir á þeim aðilum sem standa að tilkynningarskyldum gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingum eða framkvæma þau eða hafa um þau milligöngu.

Áhrif

Tilkynningarskylda hvílir á þeim aðilum sem standa vörð á tilkynningarskyldum gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingum eða framkvæma þau eða hafa um þau milligöngu.

Tilkynningarskyldan hefur áhrif á alla innlenda lögaðila og gerir þeim skylt að tilkynna til Seðlabanka Íslands tiltekin viðskipti.

Skilyrði

Að eftirfarandi gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingu á milli landa á sér stað, án milligöngu innlendra fjármálafyrirtækja, á milli innlendra og erlendra aðila, að fjárhæð a.m.k. 100.000.000 kr., þ.e.

- i. Lántaka og lánveiting, ii. skilmálabreytingar á lánum, iii. ábyrgðarskuldbindingar, iv. útgáfu skuldabréfa og annarra skuldagerninga.

Og að um afleiðuviðskipti sé að ræða á milli innlendra og erlendra aðila óháð fjárhæð samningsins.

Réttarheimildir

14. gr. I. gml.

24. gr. rgl. 862/2016.

Auknar heimildir SÍ til upplýsingaöflunar

Í upphaflegu frumvarpi sem lagt var fram voru lagðar til breytingar sem áttu að tryggja Seðlabanka Íslands ótakmarkaðar heimildir til upplýsinga- og gagnaöflunar, að viðlögðum dagsektum. Breytingunum var ætlað að styrkja eftirlitshlutverk Seðlabankans svo að hann gæti stuðlað að verðlags- og fjármálastöðugleika í samræmi við hlutverk hans.

KPMG var meðal þeirra sem sendi inn umsögn um lagafrumvarpið og gagnrýndi verulega þær fyrirætlanir frumvarpsins. Þær takmarkalaus heimildir sem Seðlabankanum voru ætlaðar var mikið áhyggjuefni enda í þeim gert ráð fyrir að lagaákvæði um þagnarskyldu myndu ekki takmarka skyldur til að veita upplýsingar og aðgang að gögnum sem Seðlabankinn kynni að óska eftir. KPMG benti á að með því væri trúnaðar- og þagnarskyldu starfsstétta eins og lögmanna og endurskoðenda kastað fyrir róða í þágu eftirlitshlutverks Seðlabankans.

Í kjölfarið afgreiddi efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis málið með breytingartillögu þar sem dregið var í land þær mjög svo víðtæku heimildir Seðlabankans. Breytingin fólst í því að þagnarskyldan ætti almennt við, nema í tilviki annarra stjórnvalda, fjármálafyrirtækja, greiðslustofnana og rafeyrisfyrirtækja. Lagaákvæði um þagnarskyldu annarra takmarka þannig heimildir Seðlabanka Íslands til upplýsinga- og gagnaöflunar.

Endanleg losun hafta?

Hér að framan hefur verið fjallað um þær helstu breytingar sem ný samþykkt lög um breytingar á lögum um gjaldeyrismál hafa í för með sér. Þrátt fyrir með þeim séu skref stigin í átt að losun hafta eru enn í gildi íþyngjandi takmarkanir á frjálsum flæði fjármagns og möguleikum til gjaldeyriskaupa. Undanþágur verða eftir sem áður þarfar í mörgum tilfellum enda aðeins gert ráð fyrir að þeim muni fækka um 50% við þessar breytingar.

Fram hefur komið að full losun fjármagnshafta og tímasetning hennar er m.a. háð því að eignasöfn hafi aðlagast æskilegri samsetningu innlendra og erlendra eigna, að útflæðisþrýstingur sé viðráðanlegur og að stjórnvöld fái svigrúm til að þróa viðeigandi varúðartæki og ná betri yfirsýn yfir fjármálakerfið.

Áætlanir gera ráð fyrir að snemma á næsta ári (2017) muni stjórnvöld endurmeta aðstæður til hækkunar fjárhæðarmarka gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga ásamt áframhaldandi undirbúningi að fullri losun fjármagnshafta. Lögð er sú skylda á Seðlabanka Íslands að endurskoða fjárhæðarmarkið fyrir 1. júlí 2017.

Ljóst er að markmið um fullt afnám fjármagnshafta verður ekki náð fyrr en þær takmarkanir sem felast í núgildandi lögum verða felldar brott og aflandsmarkaður og álandsmarkaður renni saman. Þær lagabreytingar sem gerðar voru að þessu sinni miða hins vegar að frekari losun á heimili og fyrirtæki. Nú hefst biðin eftir næstu skrefum og vonandi fullri losun hafta.



Takk fyrir

Frekari upplýsingar veita:

Ágúst Karl Guðmundsson
Partner
Sími: 545-6152
Netfang: akgudmundsson@kpmg.is

Vilmar Freyr Sævarsson
Manager
Sími: 545-6146
Netfang: vsaevarsson@kpmg.is

Ásgeir Skorri Thoroddsen
Senior Associate
Sími: 545-6306
Netfang: athoroddsen@kpmg.is